

Ár 2013, fimmtudaginn 14. nóvember, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Huldu Árnadóttur og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

## Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Íbúðalánasjóðs

### I.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sbr. 9. gr. laga nr. 87/2009, ákveður kjararáð laun og starfskjör forstjóra Íbúðalánasjóðs.

### II.

Kjararáði barst bréf dagsett 26. ágúst 2012 frá forstjóra Íbúðalánasjóðs þar sem hann gerir meðal annars grein fyrir breytingum á lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál. Í bréfinu kemur fram að umræddar lagabreytingar hafi leitt til breytinga á þeim kröfum sem gerðar séu til forstjóra og stjórnar Íbúðalánasjóðs. Auknar kröfur feli meðal annars í sér að forstjóri og stjórn skuli vera fjárhagslega sjálfstæð og hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi. Fjármálaeftirlitið skuli setja reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og forstjóra og hvernig skuli staðið að hæfismati. Þá séu settar hömlur á atvinnuþátttöku forstjóra. Honum sé óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækis og taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti. Með breytingunum séu gerðar mun meiri lagalegar hæfiskröfur til forstjóra Íbúðalánasjóðs en til forstjóra margra annarra ríkisstofnana, til dæmis framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna og forstjóra Byggðastofnunar. Því geti ekki staðist að við ákvörðun launakjara forstjóra Íbúðalánasjóðs sé tekið mið af launakjörum áður nefndra forstöðumanna.

Í kjölfar bréfs forstjórans ákvað kjararáð að taka til skoðunar hvort þær breytingar sem gerðar voru á lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 með lögum nr. 84/2012 og tóku gildi 5. júlí 2012 skyldu leiða til breytinga til framtíðar á launakjörum forstjóra Íbúðalánasjóðs.

Með bréfum dagsettum 13. ágúst 2012 gaf kjararáð fjármála- og efnahagsráðuneyti, velferðarráðuneyti og stjórn Íbúðalánasjóðs kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins, sbr. 6. gr. laga um kjararáð.

Í bréfi stjórnar Íbúðalánasjóðs dagsettu 26. september 2012 segir að auknar hæfiskröfur leiði til þess að verksvið forstjórans verði viðameira og ábyrgð hans aukist frá því sem áður var og muni valda auknu starfsálagi á forstjórnann. Lög nr. 84/2012 feli í sér breytingar á þeim hæfisskilyrðum sem gerð séu til forstjórans, takmarki þátttöku hans í atvinnurekstri, auki ábyrgð hans á lánamálum sjóðsins og geri umfangsmeiri kröfur til hans varðandi uppbyggingu eftirlitskerfa með starfsemi sjóðsins auk þess að heimila stofnun leigufélags um rekstur fullnustueigna. Allar breytingarnar eigi það sammerkt að færa starfsumhverfi forstjórans nær því sem gildi um bankastjóra viðskiptabanka samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Í bréfinu er gerð frekari grein fyrir breytingunum. Jafnframt kemur þar fram það mat stjórnarinnar að einkum beri að taka mið af launakjörum bankastjóra Landsbankans hf. við ákvörðun launa forstjóra Íbúðalánasjóðs en draga verulega úr vægi samanburðar við launakjör framkvæmdastjóra Lánasjóðs íslenskra námsmanna og forstjóra Byggðastofnunar.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið sendi kjararáði bréf dagsett 27. september 2012. Í bréfinu segir að ráðuneytið hafi ekkert til málanna að leggja að svo stöddu.

Í svari velferðarráðuneytisins dagsettu 7. febrúar 2013 er fjallað um breytingar á ákvæðum í lögum um húsnæðismál er varða atvinnuþátttöku forstjóra Íbúðalánasjóðs. Segir í bréfinu að ekki verði séð að breytingarnar hafi leitt til efnislegra breytinga á starfsskyldum hans að þessu leyti. Einnig segir að ekki verði litið svo á að skilyrðið um fjárhagslegt sjálfstæði feli í sér nýja kröfu þrátt fyrir að henni sé komið fyrir með skýrari og afdráttarlausari hætti í lögum í þeim skilningi að það eitt og sér leiði til hækkunar á launakjörum forstjórans. Telur ráðuneytið að umræddar breytingar sem gerðar hafi verið á lögum um húsnæðismál séu ekki þess eðlis að leiði til breytinga til framtíðar á launakjörum forstjóra Íbúðalánasjóðs. Engu að síður leggur ráðuneytið áherslu á mikilvægi þess að forstjóri Íbúðalánasjóðs njóti svipaðra launa og aðrir forstöðumenn stofnana sem undir kjararáð heyra að teknu tilliti til umfangs og ábyrgðar er störfum hans fylgi.

Með bréfi dagsettu 11. febrúar 2013 fékk forstjóri Íbúðalánasjóðs send svör ráðuneytanna og stjórnar sjóðsins til kynningar og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um efni þeirra.

Með bréfi forstjórans dagsettu 20. febrúar 2013 voru fyrri sjónarmið ítrekuð.

### III.

Íbúðalánasjóður starfar samkvæmt lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál með síðari breytingum. Tilgangur laganna er að stuðla að því með lánveitingum og skipulagi húsnæðismála að landsmenn geti búið við öryggi og jafnrétti í húsnæðismálum og að fjármunum verði sérstaklega varið til þess að auka möguleika fólks á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

Íbúðalánasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins, er lýtur sérstakri stjórn og heyrir undir ráðherra. Sjóðurinn lánar til íbúðakaupa, nýbygginga eða endurbóta húsnæðis. Eftir hverjar alþingiskosningar skipar ráðherra Íbúðalánasjóði fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn. Stjórnin ræður forstjóra til fimm ára í senn. Forstjóri ræður annað starfsfólk og annast daglegan rekstur skrifstofu sjóðsins, fjárreiður og reikningsskil. Hann framfylgir ákvörðunum stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Verkefni sjóðsins eru meðal annars að annast lánveitingar, koma á framfæri almennum upplýsingum um hlutverk og þjónustu Íbúðalánasjóðs, stuðla að tækninýjungum og öðrum umbótum í byggingariðnaði, leigja eða fela öðrum með samningi að annast leigumiðlun með íbúðarhúsnæði sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið á nauðungaruppboði, fylgjast með íbúðapörf í landinu og sinna öðrum verkefnum sem ráðherra felur sjóðnum.

Með lögum nr. 84/2012 var lögum nr. 44/1998 um húsnæðismál breytt og tóku breytingarnar gildi 5. júlí 2012. Í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 84/2012 kemur fram að megintilgangur þess hafi verið að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um húsnæðismál til að koma til móts við tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA og tryggja að veiting ríkisaðstoðar til Íbúðalánasjóðs yrði í betra samræmi við ríkisaðstoðarreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Samhliða voru gerðar breytingar sem snerta eftirlit Fjármálaeftirlitsins með starfsemi sjóðsins en nauðsynlegt þótti að skýra betur hlutverk Fjármálaeftirlitsins í eftirliti með Íbúðalánasjóði. Fjármálaeftirlitinu hafði þegar verið falið eftirlit með starfsemi Íbúðalánasjóðs, sbr. 27. gr. laganna, en með lagabreytingunum voru settar nánari reglur um starfsemi sjóðsins sem Fjármálaeftirlitið hefur síðan eftirlit með. Flest ákvæðanna eiga sér fyrirmyndir í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, en eru löguð að starfsemi og markmiði Íbúðalánasjóðs sem er afmarkaðra en hefðbundin starfsemi annarra fjármálafyrirtækja. Meðal breytinga má nefna að stjórn Íbúðalánasjóðs tekur ekki þátt í ákvörðunum um afgreiðslu einstakra mála eins og áður. Þar á meðal eru lánveitingar eða ákvarðanir þeim tengdar, nema umfang þeirra sé verulegt miðað við stærð sjóðsins eða annað sé ákveðið í lögnum. Þannig hafa sérstakar lánanefndir verið stofnaðar sem eru á ábyrgð forstjóra. Einnig eru ný ákvæði sem fjalla um innri endurskoðun Íbúðalánasjóðs, eftirlitskerfi með áhættu, ársreikning og endurskoðun, auk eftirlits Fjármálaeftirlitsins með starfsemi sjóðsins eins og áður hefur komið fram.

### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun sína skal kjararáð gæta þess að föst laun fyrir dagvinnu, annarra en forseta Íslands, verði ekki hærri en föst laun forsætisráðherra samkvæmt 3. gr. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði. Í 10. gr. laganna segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafa verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögnum eða á störfum þeirra sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð ákvað forstjóra Íbúðalánasjóðs laun þann 26. júní 2012. Við þá ákvörðun var meðal annars höfð hliðsjón af launakjörum forstöðumanna annarra fjármála- og lánastofnana. Eins og fram kemur í framansögðu hafa breytingar verið gerðar á lögum um húsnæðismál, sbr. lög nr. 84/2012, og

hefur kjararáð ákveðið með vísan til þess að fjölga mánaðarlegum einingum forstjórans. Áfram er horft til launakjara forstöðumanna annarra fjármála- og lánastofnana, svo sem bankastjóra Landsbankans hf., að teknu tilliti til þess að starfsemi Íbúðalánasjóðs er mun afmarkaðri .

Að öðru leyti en hér kemur fram vísast til úrskurðar kjararáðs um almennar forsendur nr. 2010.4.001, sem gilda um laun og starfskjör forstjóra Íbúðalánasjóðs.

Með hliðsjón af framansögðu hefur kjararáð ákveðið að laun forstjóra Íbúðalánasjóðs skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

## V.

### Ákvörðunarorð

Frá og með 5. júlí 2012 skulu mánaðarlaun forstjóra Íbúðalánasjóðs vera samkvæmt launaflokki 502-139, nú 873.992 krónur. Að auki skal greiða honum 43 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 502-132, nú 6.918 krónur. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Hafi forstjóri Íbúðalánasjóðs haldið bifreiðahlunnindum og kjósi að gera það áfram skal draga verðmæti þeirra samkvæmt mati ríkisskattstjóra frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Sé iðgjald launagreiðanda í séreignasjóð meira en 2% af launum skulu heildarlaun sem hér eru ákveðin lækka um það hlutfall sem mismuninum nemur.

Sé kostnaður við fastlínusíma á heimili framkvæmdastjórans greiddur af launagreiðanda skal sú greiðsla dragast frá þeim heildarlaunum sem hér eru ákveðin.

Laun eru miðuð við fullt starf þannig að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjóra Íbúðalánasjóðs gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Svanhildur Kaaber

---

Hulda Árnadóttir

---

Jónas Þór Guðmundsson